

Alþingi

Erindi nr. D 120/1350

komudagur 12/4 1996

DÓMARAFÉLAG ÍSLANDS

Dómhúsinu við Lækjartorg

Reykjavík.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Vilhjálms Egilssonar, alþingismanns,
formanns nefndarinnar

Reykjavík 11. apríl 1996

Á fundi stjórnar Dómarafélags Íslands nú í dag var fjallað um frumvarp það til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi og efnahags- og viðskiptanefnd hefur nú til meðferðar.

Það er eindregin skoðun stjórnar Dómarafélags Íslands, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, eigi ekki að taka til dómara.

Með bréfi þessu er þess farið á leit, að nefndin samþykki fyrir sitt leyti og leggi jafnframt til að frumvarpinu verði breytt í þessu efni.

Ástæður þessara tilmæla eru eftirfarandi:

1.

Þegar litið er til yfirlýstra markmiða með frumvarpinu þykir ljóst að enda þótt þau geti átt við um starfsemi ríkisins almennt verði þau ekki heimfærð á störf þeirra sem fara með dómsvald í landinu. Visast um þetta til athugasemda með frumvarpinu þar sem gerð er grein fyrir nýrri stefnu í starfsmannamálum ríkisins og lýst leiðum þeim sem fara beri til þess að ná þeim markmiðum sem í henni felast.

Störf dómara eru í föstum skorðum og ítarlegar lagaregur gilda um framkvæmd þeirra. Þá er þess að gæta að sérhver dómari fer með mál á eigin ábyrgð en ekki annarra og valddreifingu verður ekki við komið varðandi verkefni þeirra.

Sá tilgangur frumvarpsins að færa rekstur ríkisstofnana nær því sem gerist í einkarekstri að því er varðar starfsmannahald og launaákvörðanir á alls ekki við um

dómara. Störf þeirra eru samofin ríkishugtakinu sjálfu en dómara fara með einn af þremur þáttum ríkisvaldsins og eru því óaðskiljanlegur hluti þess. Réttarsamband þeirra og ríkisins er frábrugðið réttarsambandi vinnuveitenda og launþega á almennum vinnumarkaði. Verður að hafa það sérstaklega í huga við setningu laga á þessu sviði.

2.

Ef litið er til einstakra ákvæða frumvarpsins leiðir það til sömu niðurstöðu, þ.e. að mörg ákvæði þess eiga ýmist illa eða ekki við um dómara vegna þeirrar sérstöku stöðu sem þeir eru í.

Í 2. kafla frumvarpsins er fjallað um veitingu starfs og í 6. gr. eru talin upp almenn skilyrði til þess að fá skipun eða ráðningu í starf. Í 5. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði eru ákvæði um almenn skilyrði til þess að öðlast skipun í starf héraðsdómara og í 5. gr. laga nr. 75/1973 eru samskonar ákvæði um hæstaréttardómara.

Í 5. kafla er fjallað um skipun eða setningu í embætti. Ýmis ákvæði þar eiga ekki við um dómara, og nægir að nefna ákvæði 23. gr. um tímabundna skipun sem stangast beinlínis á við 61. gr. stjórnaskrárinnar eins og hún hefur verið skilin hingað til.

Í 6. kafla er fjallað um lausn frá embætti. Sérreglur gilda um dómara varðandi þetta samkvæmt lögum sbr. einnig V. kafla stjórnarskrárinnar. Að auki verður að telja eðlilegt, að þar sem dómendum er ætlað að fjalla um frávikningu embættismanna sbr. 32. gr. frumvarpsins, gildi sérreglur um þá fyrrnefndu.

Í 7. kafla er fjallað um "sérstakar skyldur." Strax í upphafsákvæði kaflans er að finna ákvæði sem ekki getur átt við um störf dómara þar sem rætt er um, að ráðherra setji sérhverjum forstöðumanni erindisbréf, þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið.

Benda má á fleiri ákvæði sem ekki ná til dómara en ekki þykir þörf á því að sinni.

Af öllu framansögðu verður dregin sú niðurstaða að hvort sem litið er til tilgangs frumvarpsins eða einstakra greina þess er ljóst að það verður enn síður heimfært á störf dómara en núgildandi lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.


Á það hefur reynt að eðli dómstarfa hefur leitt til þess að löggin hafa í ýmsum greinum ekki verið talin eiga við og þeim því ekki beitt um dómara.

3.

Réttarfarsnefnd vinnur nú að samningu dómstólalaga, en heildarlög um starfsemi þeirra hafa ekki verið sett til þessa. Annarstaðar á Norðurlöndum hafa slík lög verið sett. Hefur dómamálaráðherra lýst yfir á opinberum vettvangi, að hann stefni að því að leggja frumvarp til dómstólalaga fyrir Alþingi nk. haust. Stjórn Dómarafélags Íslands er eindregið þeirrar skoðunar að slíkt heildarfrumvarp eigi að taka til allra þátta varðandi stöðu dómara sem starfsmanna ríkisins. Þetta álit stjórnar hefur verið kynnt dómsmálaráðherra.

Með vísan til þessa er áréttuð sú ósk, sem fram er sett í upphafi bréfs þessa, að fyrirbyggjandi frumvarpi verði breytt á þann veg að það taki ekki til dómara. Verði dómurum bætt við upptalningu 2. gr. um þá, sem lögin taka ekki til. Öðrum greinum, svo sem 56. gr., verði jafnframt breytt, þannig að Kjaradómur ákvarði áfram laun dómara, eins og verið hefur hingað til og rækilega var rökstutt að vera skyldi í frumvarpi til laga um Kjaradóm nr. 120/1992. Þá var einmitt fækkað mjög þeim, sem Kjaradómur skyldi ákvarða laun en sérstaklega rökstutt að dómara féllu áfram undir verksvið hans.

f. h. stjórnar Dómarafélags Íslands


formaður

Afrit:

Ágúst Einarsson, alþingismaður

Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður

Gunnlaugur M. Sigmundsson, alþingismaður

Jón Baldvin Hannibalsson, alþingismaður

Kristín Ástgeirsdóttir, alþingismaður

Pétur Blöndal, alþingismaður

Sólveig Pétursdóttir, alþingismaður

Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður

Valgerður Sverrisdóttir, alþingismaður